

152. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 13. janúar 2025 kl. 16.30 á Höfða

Stjórnarmenn:

Björn Guðmundsson varaformaður

Elsa Lára Arnardóttir

Helgi Pétur Ottesen

Ragnheiður Helgadóttir varamaður

Starfsmaður:

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) Lántaka vegna endurbóta á húsnæði Höfða

Stjórn Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis samþykkir hér með að taka lán í formi lánssamnings hjá Íslandsbanka hf. kt. 491008-0160 að fjárhæð allt að 490.000.000 fjögurhundruðogníutíumilljónir króna, í samræmi við lánssamning sem liggur fyrir fundinum. Er lánið tekið til að fjármagna endurbætur á húsnæði heimilisins í verkunum „Endurnýjun í 1.áfanga“ og „Endurnýjun þak- og útveggjaklæðninga“. Jafnframt er Kjartani Kjartanssyni kt. 020766-3799, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis að undirrita lánssamning við Íslandsbanka hf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:56

Björn Guðmundsson
Helgi Pétur Ottesen
Elsa Lára Arnardóttir
Ragnheiður Helgadóttir
Viktoria Víðarsdóttir